

Ed.

116. Frumvarp til laga

[71. mál]

um Veðurstofu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Veðurstofa Íslands er ríkisstofnun með heimilisfangi í Reykjavík. Veðurstofustjóri, skipaður af ráðherra, fer með stjórn hennar og annast framkvæmd þeirra málefna, sem henni eru falin, undir yfirstjórn ráðherra.

2. gr.

Starfssvið Veðurstofunnar skal vera sem hér segir:

1. Að setja upp og starfrækja veðurstöðvar, leiðbeina veðurathugunarmönnum og hafa eftirlit með störfum þeirra.
2. Að safna daglegum veðurskeytum, innlendum og erlendum, sjá um, að úrvali innlendra veðurskeyta sé dreift til alþjóðanota, semja veðurspár og sjá um dreifingu þeirra og leiðbeina um veðurskilyrði á flugleiðum og flugvöllum fyrir innanlandsflug og millilandaflug.
3. Að safna nákvæmum fregnum um hafis og senda út ísfregnir til skipa, þegar ástæða er til. Svo skal og safna fregnum, þegar jarðskjálfta, eldgos eða öskufall ber að höndum, og senda út tilkynningar um það, þegar ástæða þykir til.
4. Að safna gögnum til rannsókna á veðurfari landsins, vinna úr veðurskýrslum og gefa út veðurfarsskýrslur, er sýni skilyrði þau og takmörk, sem veðráttan setur atvinnuvegum landsmanna.
5. Að varðveita bóka- og skjalasafn Veðurstofunnar og sjá um, meðal annars með ritskiptum við erlendar stofnanir, að bókakostur verði svo fullkominn sem unnt er.

6. Að annast jarðskjálftamælingar og úrvinnslu þeirra. Ríkisstjórninni er heimilt að fela Veðurstofunni önnur tiltekin verkefni á sviði jarðeðlisfræði. Störf þau, sem greind eru í þessum lið, getur ríkisstjórnin þó falið öðrum stofnunum, ef henni þykir það hagkvæmara.
7. Að fylgjast með framförum og þróun veðurfræðinnar og annarra greina jarðeðlisfræði á starfssviði Veðurstofunnar, svo og að vinna að rannsóknum í þeim fræðigreinum.
8. Að annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar samskipti við Alþjóðaveðurfræðistofnunina (World Meteorological Organization) og vinna í samráði við ríkisstjórnina að öðrum þeim málum, sem snerta alþjóðasamvinnu á starfssviði Veðurstofunnar.

3. gr.

Veðurstofustjóri ákveður í samráði við ráðherra, hvar vera skuli veðurstöðvar innanlands og hvaða skipum og flugvélum skuli falið að annast veðurathuganir.

4. gr.

Í veðurspám skal einkum lögð stund á að vara við þeim veðurfyrirbærum, sem valdið geta tjóni eða slysum. Þá skal þess og gætt, að veðurspár komi atvinnuvegum landsmanna að sem mestum notum.

Setja skal í reglugerð fyrirmæli um birtingu veðurfregna og hafisfregna.

5. gr.

Veðurfarskýrslur skal gera þannig úr garði, að þær séu grundvöllur undir vísindalegar veðurfarsrannsóknir og hafi jafnframt hagnýtt gildi fyrir atvinnuvegi landsmanna.

6. gr.

Til þess að ná þeim tilgangi, sem í 4. og 5. grein segir, skal Veðurstofan hafa samband og samráð við opinberar stofnanir og fyrirsvarsstofnanir atvinnuvega og samgöngumála, eftir því sem ástæða þykir til. Veðurstofan skal, að því leyti sem henni er unnt án truflunar á almennri starfsemi sinni, verða við tilmælum slíkra stofnana eða einstaklinga um að láta í té munnlegar eða skriflegar skýrslur um veðurútlit, veðurfar og annað, sem starfsemi hennar varðar. Ef ástæða þykir til, má krefjast greiðslu fyrir slíkar skýrslur, miðað við þá vinnu, sem fram er lögð.

7. gr.

Veðurþjónustu skal haga með hliðsjón af reglum þeim, sem Alþjóðaveðurfræðistofnunin setur og í gildi eru á hverjum tíma. Veðurþjónusta fyrir millilandaflug skal fara eftir gildandi reglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (International Civil Aviation Organization) og Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar, eftir því sem unnt er.

8. gr.

Ráðherra ræður og skipar fasta starfsmenn Veðurstofunnar eftir þörfum stofnunarinnar, að fengnum tillögum veðurstofustjóra.

Ákvæði um menntun starfsmanna skal sett í reglugerð.

Laun fastra starfsmanna skulu ákveðin í launalögum. Sé starfsmaður skipaður, sem ekki er gert ráð fyrir í launalögum, ákveður ráðherra laun hans til bráðabirgða, unz þau eru greind í launalögum.

Greiðslur til starfsmanna fyrir yfirvinnu og næturvinnu skulu ákveðnar í reglugerð. Einnig skal ákveða í reglugerð þóknun til veðurathugunarmanna.

9. gr.

Reisa skal byggingu fyrir Veðurstofuna á stað, sem hentar starfsemi hennar, svo fljótt sem kostur er á.

10. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyriræmi um málefni og starfsemi Veðurstofunnar í samræmi við lög þessi.

11. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 15 15. júní 1926, um veðurstofu á Íslandi, og lög nr. 37 23. júní 1932, um útvarp og birtingu veðurfregna.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um veðurathugunarstöð á Íslandi var fyrst borið fram á Alþingi árið 1917, en varð ekki útrætt á því þingi. Frumvarpið kom aftur fyrir Alþingi 1918, en var þá vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari undirbúnings. Veðurstofa Danmerkur (Meteorologisk Institut) hafði haft með höndum veðurfræðiathuganir hér á landi frá því árið 1872, en með setningu sambandslaganna árið 1918 varð ekki hjá því komizt, að Íslendingar tækju sjálfir að sér að annast hér veðurathuganir. Af lagasetningu varð þó ekki að sinni. Hins vegar var fé veitt á fjárlögum fyrir 1920 og síðar til veðurathugunarstöðvar í Reykjavík, sem þá tók til starfa. Má því telja, að Veðurstofa Íslands hafi verið stofnsett árið 1920. Árið 1926 voru svo sett lög þau um Veðurstofu Íslands, sem enn eru í gildi (lög nr. 15 15. júní 1926). Það ár tók Veðurstofan að sér að sjá um starfrækslu jarðskjálftamælingastöðvar í Reykjavík og úrvinnslu mælinganna, auk þeirra verkefna, sem eðlilega heyra undir hana. Með lögnum frá 1926 var ákveðið, að veðurfregnir skyldu birtar með uppfestingu á símastöðvum landsins. Eftir að Ríkisútvarpið kom til sögu árið 1930, var tekið að útvarpa veðurfregnum, og átti birting á símastöðvunum ekki að öllu leyti við eftir það. Af þeim sökum voru sett viðbótarlög árið 1932 um útvarp og birtingu veðurfregna, sem einnig eru enn í gildi (lög nr. 37 23. júní 1932). Var þar ákveðið, að veðurfregnir skyldu birtar í útvarpi, þar á meðal einu sinni að næturlagi í viðbót við þær veðurspár, er áður voru gerðar. Með því að útvarpstæki voru þá enn ekki orðin algeng í landinu, var ákveðið í lögnum, að birting veðurfregna skyldi einnig fara fram með uppfestingu á hentugum stöðum, einkum í sjávarplássum og annars staðar þar, sem hreppsnefndir eða bæjarstjórnir kynnu að ákveða.

Framangreind lög eru nú að ýmsu leyti orðin úrelt, bæði um birtingu veðurfregna o. fl. Þykir því tímabært að setja Veðurstofunni ný heildarlög.

Auk þeirra breytinga á starfsemi Veðurstofunnar, sem getið er hér að framan, skal tekið fram, að veðurathugunarstöðvum og veðurskeytasendingum innanlands fjölgaði mjög mikið á tveimur fyrstu áratugum stofnunarinnar. Hafði það í för með sér síaukið starf í sambandi við veðurspár og úrvinnslu veðurskýrslna. Mót-taka erlendra veðurskeyta jókst einnig mjög. Fjöldi starfsmanna með sérmenntun var því lengst af meiri en lögín frá 1926 gera ráð fyrir.

Á stríðsárunum varð Veðurstofan af hernaðarástæðum að hætta að birta veðurspár í útvarpi. Af sömu ástæðum fékk hún ekki heldur veðurfregnir frá öðrum löndum né skipum. Möguleikar til að gera veðurspár, gildandi fyrir einn sólarhring, urðu því ófullnægjandi. Voru á því tímabili gerðar veðurspár fyrir 12 klst. og þær sendar símleiðis til verstöðva og annarra staða, þar sem þeirra var helzt þörf. Á þeim árum kom til sögu reglulegt innanlandsflug, og varð það verkefni Veðurstofunnar að veita upplýsingar og leiðbeiningar um veðurskýryrði í því sambandi. Veðurskeytasendingum innanlands fjölgaði mjög á styrjaldarárunum.

Þegar heimsstyrjöldinni lauk, hófst nýtt þróunartímabil í sögu Veðurstofunnar. Hún fékk nú aftur veðurskeyti erlendis frá og frá skipum á Atlantshafi. Veðurathugunarstöðvum hafði fjölgað stórkostlega á stríðsárunum, aðallega vegna

flugsins yfir Atlantshaf, og auk veðurathugana við yfirborð jarðar voru nú einnig komnar til athuganir í háloftum. Athugunartímum hafði einnig fjölgað, þannig að veðurskeyti voru send oftár en áður var, sérstaklega að næturlagi. Til þess að notfæra sér þessar upplýsingar, varð Veðurstofan að fjölga mjög mikið starfsmönnum þeim, sem safna og vinna úr veðurskeytum og semja veðurspár, og hún gat þá einnig fjölgað útvarpstímum veðurfregna, miðað við það, sem gert er ráð fyrir í lögum. Það er og engum vafa bundið, að veðurspárnar urðu nákvæmari en þær voru fyrir heimsstyrjöldina.

Á árinu 1946 tók Veðurstofan að sér að sjá um leiðbeiningar fyrir millilandaflug samkvæmt þeim reglum, sem Alþjóðaflugmálastofnunin hafði sett og gengu í gildi 1. nóvember það ár. Það kom þó fljótt í ljós, að ekki var unnt að sinna þessu verkefni á fullnægjandi hátt, nema með því móti að flugveðurstofur yrðu settar upp á helztu flugvöllum landsins, en Veðurstofan var frá því í desember 1945 til húsa í Sjómannaskólahúsinu. Var því fengið húsnæði fyrir þá starfsmenn, sem að veðurspánum unnu, í flugturninum á Reykjavíkflugvelli, og var flutt þangað í ársbyrjun 1950. Samkvæmt ósk Alþjóðaflugmálastofnunarinnar var aðalflugveðurstofan flutt til Keflavíkflugvallar í apríl 1952. Sér sú deild Veðurstofunnar aðallega um veðurspár og leiðbeiningar fyrir millilandaflug. Deildin á Reykjavíkflugvelli annast almennar veðurspár og einnig spár og leiðbeiningar fyrir innlent flug og íslenzkt millilandaflug.

Á Keflavíkflugvelli er starfrækt háloftaathugunarstöð, og starfa íslenzkir athugunarmenn þar, að því leyti sem nauðsynlegt er talið fyrir annað flug en hernaðarlegt.

Árið 1948 var gerður samningur milli íslenzka ríkisins og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um endurgreiðslu til Íslands fyrir flugþjónustu vegna flugs erlendra aðila. Hafa útgjöld Veðurstofunnar vegna veðurþjónustu í garð erlends flugs verið endurgreidd síðan.

Árið 1951 var sett á stofn ný alþjóðaveðurfræðistofnun (World Meteorological Organization). Aðilar að henni eru ríkisstjórnir þátttökulandanna. Er hún sérstofnun (Specialized Agency), en starfar á vegum Sameinuðu þjóðanna. Stofnun þessi ætlast til, að þátttökuríkin starfræki veðurþjónustu, er fullnægi kröfum þeim, sem til ríkjanna eru gerðar í stofnskrá hennar, t. d. um að samræma veðurathuganir og úrvinnslu þeirra, þannig að þær geti komið að sem bestum notum, ekki einungis fyrir atvinnuvegi hvers lands, heldur einnig í alþjóðasamstarfi á sviði veðurfræðinnar. Þess má geta, að Ísland var fyrsta land í heimi, sem fullgilti stofnskrá Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar.

Vegna hins mikla átaks, sem Veðurstofan varð að gera á fyrstu árunum eftir stríðslok til að sinna kröfum flugsins og atvinnuveganna um veðurspár, hefur lengst af skort sérmenntaða menn til að annast aðrar greinar starfsemi hennar, svo sem úrvinnslu veðurskýrslna, prentun á veðurfarskýrslum, smíði, viðgerð og prófun áhaldna og eftirlit með veðurstöðvum. Hin síðari ár hefur þetta færzt í betra horf, en þó er tala sérmenntaðra manna enn vart fullnægjandi. En til þessa starfs er ekki einungis nauðsynlegt, að stofnunin hafi sérmenntaða menn í þjónustu sinni. Hún verður einnig að hafa nægilegan fjölda aðstoðarmanna og áhaldasmiði svo og nauðsynlegt húsnæði og áhöld. Til þess að flýta fyrir framgangi þessara mála, lagði veðurstofustjóri til, að sótt yrði um tækniástoð frá Sameinuðu þjóðunum, og var það gert árið 1955. Árið 1956 kom hingað á vegum Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar dr. A. Ångström, fyrrverandi forstjóri sænsku Veðurstofunnar. Athugaði hann skipulag og starfsemi Veðurstofunnar, og er skýrsla hans þar að lútandi til athugunar hjá ríkisstjórninni. Samkvæmt tillögu dr. Ångströms var sótt um áframhaldandi tækniástoð. Í septembermánuði 1957 kom sérfræðingur til að athuga sérstaklega veðurfarsdeild stofnunarinnar, og mun hann dveljast hér til ársloka. Á árinu 1958 er gert ráð fyrir, að hingað muni koma sérfræðingur á vegum Sameinuðu þjóðanna til að setja upp rannsóknarstofu og smíðavinnustofu og leiðbeina

starfsmönnum áhaldadeildar. Húsnæði fyrir þessa nýju starfsemi Veðurstofunnar er fánlegt í viðbyggingu við vélahús Vélskólans í Reykjavík. Sameinuðu þjóðarnir hafa þegar lagt fram fé til stofnkostnaðar samkvæmt umsókn ríkisstjórnarinnar, og mun þetta því koma til framkvæmdar, ef ríkissjóður leggur fram fé á næsta ári til rekstrarkostnaðar. Tillögur, sem að þessu líta, eru í áætlun Veðurstofunnar um fjárframlög til hennar á árinu 1958.

Á sviði jarðskjálftamælinganna hefur einnig átt sér stað mikil þróun hin síðari ár. Veðurstofan hefur fengið þrjá nýja nákvæma jarðskjálftamæla í stað hinn tveggja gömlu. Starfrækir hún nú í Reykjavík mælingastöð, sem er góð, þegar um er að ræða athugun á nálægum jarðskjálftum (sem upptök eiga í minna en 300 km fjarlægð). Gömlu mælarnir tveir hafa verið settir upp, annar á Akureyri og hinn í Vik í Mýrdal. Fjárveiting er fyrir hendi til að kaupa mæli, sem á að nota sérstaklega til rannsókna á jarðskjálftum í sambandi við eldgos og á hverasvæðum. Mun Veðurstofan setja þann mæli upp í nánd við Kötlu. Hverasvæðin í Krýsuvík og Hveragerði geta einnig komið til greina, enda er auðvelt að flytja þenna mæli, þannig að hann getur komið að notum á þeim stað, sem hans er mest þörf í hvert sinn.

Þegar hafðar eru í huga þær breytingar, sem að undanförunu hafa orðið á starfsemi Veðurstofunnar, og þær fyrirætlanir, sem í ráði er að koma í framkvæmd á næstunni, þá liggur í augum uppi, að löggjöf, sem miðuð var við starfsemi hennar í kringum 1930, er nú orðin harla ófullnægjandi, þó að ýmislegt sé í henni að finna, sem hefur sama gildi nú og þegar löggin voru sett.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru talin upp í heild hin almennu verkefni, sem Veðurstofunni er ætlað að inna af hendi. Sams konar störf og hér eru rakin eru nú framkvæmd af öllum menningarþjóðum, enda eru þau svo alþjóðlegs eðlis, að nauðsynlegt er, að samræmis sé gætt um framkvæmd þeirra.

Um 1. tölulið. Grundvallarskilyrði fyrir starfsemi Veðurstofunnar er kerfi veðurstöðva, þar sem færir menn geri þær athuganir, sem nauðsynlegar eru. Þessir athugunarmenn verða að hafa nægileg og nákvæm áhöld til starfa síns. Áhaldadeild Veðurstofunnar er ætlað að annast kaup og smíði áhalda, prófun þeirra og uppsetningu og eftirlit með þeim og starfi veðurathugunarmanna. Óhjákvæmlegt er, að sérmenntaðir menn vinni að þessu starfi. Að því leyti sem fastir starfsmenn áhaldadeildar anna ekki uppsetningar- og eftirlitsstarfi, er nauðsynlegt að fela öðrum veðurfræðingum Veðurstofunnar að vinna þau störf.

Um 2. tölulið. Hér eru greind þau störf Veðurstofunnar, sem líta að veðurspám. Þau störf eru flest hin sömu sem getið er í c-lið 2. gr. núgildandi laga nr. 15/1926, en auk þess eru hér sett ákvæði um veðurþjónustu fyrir innanlandsflug og millilandaflug, annað en hernaðarlegt. Sú þjónusta er nú orðin fólksfreakasti og kostnaðarsamasti þáttur í starfrækslu Veðurstofunnar.

Um 3. tölulið. Ákvæði þetta er í samræmi við d-lið 2. gr. núgildandi laga, að því er varðar söfnun og dreifingu fregna um hafís, eldgos og öskufall. Auk þess er hér bætt við fregnum um jarðskjálfta, enda hefur Veðurstofan jafnan mælt til þess, að veðurathugunarmenn og áhugamenn, sem Veðurstofan hefur samband við, sendu henni fregnir um öll þau fyrirbæri, sem hér eru talin.

Um 4. tölulið. Hér eru tekin saman aðalákvæðin úr a- og b-liðum 2. gr. núgildandi laga. Líta þau að störfum veðurfarsdeildar Veðurstofunnar, sbr. 5. gr. frv. og umsögn um hana.

Um 5. tölulið. Hér er sett það nýmæli, að Veðurstofan hafi og varðveiti sjálfstætt bóka- og skjalasafn. Í skjalasafninu skulu m. a. geynd frumskjöl öll, sem

unnin eru í stofnuninni sjálfri, svo sem veðurkort. Til bókasafnsins verður að afla vísindalegra bóka og timarita og annarra rita, sem nauðsynleg má telja til þess að starfsmenn Veðurstofunnar geti haldið við þekkingu í fræðigreinum sínum og eftir hana. Auk þess kemur bókasafnið ýmsum öðrum fræðimönnum og fyrirsvarsmönnum atvinnuvega að notum. Meginhlutinn af þessum ritum fæst með ritskiptum, án verulegra útgjalda fyrir Veðurstofuna. Aðalkostnaður er húsaleiga o. s. frv. fyrir safnið og vinna við vörzlu þess. Í bókasafninu eru nú um 6000 bindi. Þriðjungur safnsins, eða um 2000 bindi, hefur bætzt við eftir stríðslok.

Um 6. tölulið. Veðurstofunni var með nágildandi lögum falið að annast jarðsjálftamælingar og segulmagnsmælingar. Eins og að framan er greint, hefur Veðurstofan síðan haft með höndum jarðskjálftamælingar og úrvinnslu þeirra. Segulmagnsmælingar hefur Veðurstofan aðeins framkvæmt á hinu svokallaða „polarári“ 1932—1933, og þá með lánuðum tækjum. Gert er ráð fyrir því, að Veðurstofunni verði falið að fara með sérstök störf á sviði jarðeðlisfræði, og mundu þá verða sett um það sérstök fyrirmæli í reglugerð. Framangreind störf eru þó í raun og veru ekki á hinu eðlilega verksviði Veðurstofunnar. Þykir því rétt að heimila ráðherra að gera aðra skipan á þeim málum án lagabreytinga.

Um 7. tölulið. Nauðsynlegt er, að við Veðurstofuna vinni hópur sérmenntaðra manna, sem fylgist vel með í fræðigrein sinni og hafi tækifæri að einhverju leyti til að stunda sjálfstæð rannsóknarstörf. Starf Veðurstofunnar er svo mikilvægt, bæði innanlands og fyrir alþjóðasamskipti, að Ísland má ekki dragast aftur úr öðrum löndum á þessu sviði. Er því nauðsynlegra að leggja þessa skyldu á Veðurstofuna, þar sem vísindastarfsemi og kennsla í veðurfræði fer ekki fram við Háskóla Íslands. Í stofnskrá Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar er og hvatt til þess, að rannsóknir og kennsla í veðurfræði fari fram í löndum þeim, sem að henni standa.

Um 8. tölulið. Í e-lið 2. gr. nágildandi laga er ákveðið, að Veðurstofan standi, í samráði við ríkisstjórnina, fyrir öllum þeim málum, sem snerta alþjóðasamvinnu í veðurfræði og Ísland varða að einhverju leyti. Þegar þetta ákvæði var sett, var Alþjóðaveðurfræðistofnunin (sem þá nefndist International Meteorological Organization) samband veðurstofustjóra hinna ýmsu landa. Nú hefur sú breyting orðið, að ríkin sjálf eru orðin meðlimir í Alþjóðaveðurfræðistofnuninni, og koma ríkisstjórnirnar beint fram gagnvart stofnuninni við afgreiðslu ýmissa mála. Í þessum tölulið er mælt, að Veðurstofan annist samskipti við stofnunina fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, og hlítir hún þá um það fyrirmælum ríkisstjórnarinnar, eftir því sem henni er það falið almennt eða hverju sinni. Svo er og gert ráð fyrir, að Veðurstofan vinni í samráði við ríkisstjórnina að öðrum málefnum, sem snerta alþjóðasamvinnu á starfssviði hennar, svo sem samskipti við aðrar alþjóðastofanir, erlendar veðurstofur, háskóla, einstaka fræðimenn o. s. frv.

Um 3. gr.

Staðsetning veðurstöðva verður að vera framkvæmdaratriði, sem ekki er unnt að binda almennt með lögum. Um það koma mörg atriði til álitá, svo sem að fjarlægð milli stöðva sé hæfileg frá sjónarmiði veðurþjónustunnar, og í öðru lagi, að staðsetning þeirra sé valin þannig, að þær veiti sem mestan stuðning veðurþjónustu í samband við flugferðir, fiskveiðar og siglingar, landbúnað, iðnað o. s. frv.

Rétt er, að sett séu í reglugerð ákvæði um það, hvaða störf veðurstöðvunum er ætlað að framkvæma. Um öflun veðurskeyta frá skipum hefur Veðurstofan samband við útgerð þeirra skipa, sem helzt koma til greina, svo sem togara og verzlunarskipa. Einnig aflar Veðurstofan sér veðurskeyta frá millilandaflugvélum og hinum stærri flugvélum í innanlandsflugi, eftir því sem tök eru á.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um veðurspárnar. Hér er fyrst um það verkefni að ræða, sem mesta áherzlu ber að leggja á, sem sé viðvörðun við stormi og öðrum veðurfyrir-

bærum, sem hættum geta valdið á manntjóni og eignatjóni. Við framkvæmdina ber að hafa hliðsjón af reglum, sem Alþjóðaveðurfræðistofnunin hefur sett um viðvaranir til skipa á sjávarsvæðum umhverfis landið (coastal waters). Reglur hafa einnig verið settar af Alþjóðaveðurfræðistofnuninni og Alþjóðaflugmálastofnuninni um viðvaranir í sambandi við millilandaflug. Má þá einnig hafa hliðsjón af þeim reglum um viðvaranir fyrir innanlandsflug. Að sjálfsögðu koma viðvaranir veðurspánna einnig að notum í sambandi við ferðalög, eignagæzlu og aðra starfsemi á landi. Í öðru lagi eru veðurspánnar miðaðar við það, að þær hafi hagnýtt gildi fyrir atvinnuvegina, svo sem að þær gefi til kynna veðurskilyrði fyrir sjósókn, ýmsar landbúnaðar- og iðnaðarframkvæmdir, húsabyggingar o. s. frv.

Um 5. gr.

Um allan hinn menntaða heim er unnið að veðurfarsrannsóknum, og er kostað kapps um að fækka þeim svæðum og þrengja, sem enn hafa orðið útundan í þeim efnum. Nauðsynlegt er, að samning veðurfarsskýrslna sé samræmd í hinum ýmsu löndum, svo að úr þeim verði unnið heildaryfirlit fyrir stór svæði jarðarinnar. Þó að sumir þættir veðurfarsrannsókna séu miðaðir við veðurfar hvers lands, þá er veðráttta ekki bundin við landamæri, og koma því rannsóknir eins lands ekki að fullum notum þar, nema jafnframt komi til veðurfarsrannsóknir annarra jarðsvæða. Veðurfarsrannsóknirnar hafa geysimikið og síaukið vísindalegt og hagnýtt gildi fyrir löndin. Má fyllilega jafna þeim við veðurspánnar, að því er tekur til fjárhagslegs gildis fyrir atvinnuvegina, þó að áhrif þeirra komi fram með öðrum hætti og ekki eins áberandi í bráð.

Um 6. gr.

Að sjálfsögðu er starfsemi Veðurstofunnar mjög háð því fjárframlagi, sem veitt er til hennar á hverjum tíma. En þar sem störf hennar eru svo mikilvæg fyrir atvinnuvegina, þykir rétt, að fyrirsvarsmenn þeirra fái að hafa áhrif á, hvaða störf henni eru falin þeim til hagsbóta. Er þá líka Veðurstofunni og starfsmönnum hennar skylt að taka tillit til réttmætra og skynsamlegra óska um það, eftir því sem fjárhagur leyfir og að því leyti sem unnt er án truflunar á almennri starfsemi hennar. Sjálfsgagt er, að Veðurstofan taki greiðslu fyrir veðurvottorð, sem ætluð eru til framlagningar fyrir dómstólum, svo og fyrir veðurskýrslur og önnur störf, sem hafa í för með sér aukafyrirhöfn, sem nokkru nemur. Væri heppilegt, að ákvæði um slíkar greiðslur væru sett í reglugerð.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar ná til veðurbjónustu í viðtækasta skilningi, þ. e. til starfsemi áhaldadeildar, veðurspádeilda og veðurfarsdeildar. Eru þau sett vegna þess, að Ísland er aðili að þeim alþjóðasamtökum, sem nefnd eru í greininni, og verður Veðurstofan samkvæmt því að hafa hliðsjón af þeim reglum, sem um þau gilda. Um veðurbjónustu fyrir millilandaflug er þess að geta, að Ísland fær greiðslur erlendis frá fyrir hana, enda er hún undir eftirliti Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Til þeirrar bjónustu heyrir dagleg veðurbjónusta fyrir millilandaflug, skýrslugerð um veðurskilyrði á millilandaflugvöllum o. fl.

Um 8. gr.

Það leiðir af sjálfu sér um stofnun eins og Veðurstofuna, sem hefur með höndum breytileg störf, að ekki er unnt í lögum um hana eða almennum launalögum að telja tæmandi upp starfsmenn hennar né binda fjölda þeirra við ákveðna tölu. Um það verður að fara eftir ákvörðun ráðherra, miðað við þarfir Veðurstofunnar og fjárhagsmöguleika hverju sinni. Undanfarið hefur verið og er enn skortur á veðurfræðingum, og hefur það háð stofnuninni mjög í starfi hennar. Um nauðsyn þess, að við Veðurstofuna vinni nægilegur fjöldi vel menntaðra veðurfræðinga má vísa til um-

sagnar um 7. tölulið 2. gr. frv. þessa. Gert er ráð fyrir, að ákvæði um menntun veðurfræðinga og annarra starfsmanna verði sett í reglugerð.

Um 9. gr.

Í nágildandi lögum nr. 15/1926 er ákveðið, að bygging handa Veðurstofunni skuli reist svo fljótt sem ástæður leyfa. Síðan hafa liðið meira en þrjú áratugir, án þess að hafizt væri handa um að fullnægja ákvæðum laganna. Hefur þó húsnæðis-skortur jafnan bagað starfsemi stofnunarinnar og gerir enn. Er ekki ofmælt, að stofnunin hafa brýna og aðkallandi þörf fyrir eigið húsnæði, sem miðað væri við aukna þörf, meðal annars fyrir veðurspárnar og sívaxandi bóka- og skjalasafn. Í frv. er látið liggja milli hluta, hvort reist yrði sérstök bygging, eins og nágildandi lög gera ráð fyrir, eða í sambandi við aðrar stofnanir, t. d. flugmálastjórnina.

Um 10.--12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.